

Ísleifur Einarsson.

Kh. 1837.



922
Ed

R æ ð u r

haldnar

við jarðarför


Ísleifs Einarssonar,

Etatsráðs, og Jústítíarii í enum kgl. isl. Landsyfirrétti,

af

Árna Helgasyni,

Stiftprófasti og R. af D.



Kaupmannahöfn.

Prentaðar hjá *Bianco Luno & Schneider.*

1857.



I.

Eins og það er hvørs góðs manns aðalástundun, meðan hann lifir, að láta sitt líf vera sem heidarlegast, so er það innileg ósk allra þeirra sem þekkja hvað heidarlegt líf er, að dauði þeirra mætti verða heidarlegur. Sà dauði má nú ætíð í raun réttri heita heidarlegur, sem gjörir enda á heidarlegu lífi. Samt þykir sà dauðdagi hvað sómasamlegastur sem aðkæmur þá er maður er einmíðt að gægna einhvörju skylduverki, og því sómasamlegri, sem meir er í skylduverkið varið, meiri hug, meiri sjálfsafneitun og áreynslu þarf til að gægna því — Þannig er það kallað að deya á heidnrsins sæng, að falla í bardaga fyrir sitt föðurland, eða þá menn með egin lífshættu eru að leitast við að bjarga lífi annara — það er nú skjaldan að þessi heidarlegi dauði gæti veitst vor á meðal. Stríð eru ekki tíðkuð, og líð annað er komið undir atburðum sem einginn ræður. En þó getum vér kallað það mikið heidarlegann viðskilnað við lífið, að bera með kristilegu þolgæði þær þjóningar sem hljóta að orsakast af sálar og líkams aðskilnaði, að láta ei á sér sjá hvíða fyrir vaxandi líkams þjóningum, né hræðslu fyrir að stíga yfir takmörk tímans og eilífðarinnar, að sýna í öllu sínu háttalagi það sinni, sem gjörir sig ánægt með að hlýða náttúrunnar gamla lögmáli, og með allri ráðdeild og stillingu býr sig undir það, miðt í því sjúkdómsins átektir gjöra það erfiðt. Þetta er orðið hlutfall þess merkis manns, hvørs jarðnesku leifar nú skulu flytjast úr

hans húsi, til síns síðasta hvíldarstaðar. Eins og hans líf frá unga aldri var lítalaust, heiðarlegt og kristilegt, so má með sannri segja að hans viðskilnaður við þetta tímalega væri það. Veikindin sem við og við heilt ári þjáðu haus aldraða líkama, minntu hann á að smásaman mundi að því koma, að hann yrði kallaður til að ráðstafa sínu húsi, og hann hlýddi þessari hendingu undanfærslulaust; með sama svip, með sama viðmóti, hispurslaust og stillilega, talaði hann um sitt heilsufar, það sem hann varð að líða, og um sína birtför frá þessum heimi eins og um hvörn annann hlut sem tilræðt varð um. Ekkert mögl, ekkert óánægju orð heyrðist af hans vörum, ekkert kvein yfir þjáningunni; já, það var ekki að merkja á hans svip að hann væri umbreyttur, nema hvað sjúkdómurinn náttúrlega með tímanum á hann verkaði. Skjaldan sem aldrei lá hanu allann dag út í rúminu, við og við las hanu sér til affreyningar, gégndi, þegar nokkur vegur var til, sínum embættisverkum í þessum veikindum, og þannig útendaði hann æfina soleiðis, að hann sinn seinasta lífsdag var á fótum, gat skrifað til syni sínum og gömlum kunningja, og hafði óskérðta rænu fram í andlátid. Þannig veitti drottinn þeim manni sem heiðarlega hafði ástundað að lifa með allri alúð og einlegni, heiðarlega birtför á seiuni hluta æfinnar frá þessu tímalega.

Þó vér tregum þann framliðna hvörs líf oss var so hært, eins og það var heiðarlegt, línuum vér þó jafnframt orsök til að samfagna honum, að houum auðnaðist að enda so sómasamlega sitt sómasamlega æfiskeið, og þó vér samhörnum hans eptirlifandi ekkju-frú og börnum, sem trega, og hafa orsök til þess, mikinn og góðann maka og föður, so sjáum vér að þau hafa þó þessa huggun, að þeirra ástvinur er í 'tækann tíma, eptir heiðarlegt líf, heiðarlega sluttur frá þessu lífi til betra lífs, hvar hann eilíflega mun uppskera ávöxt sína verka, og af náð drottins meðtaka trúrra þjóna verðlaun — hvörra

ætið var hans aðalástundan að gjöra sig með kristilegri breytui sem verðugastann.

Vér flytjum, að so mæltu, þá niðurhrundu líkams tjaldbúð úr því húsi, sem sá framliðni veitti heiðarlega forstöðu, hvar hann var heiðraður og elskaður af skildum og mörgum vandalausum; hvar hans dagar liðu áfram hartnær 30 ár í sama kristilega grandvarlegleika; frá húsi, sem stendur á þeim jarðarbletti er hann hafði mest með egin höndum umskapað og gjört fallegann og gagulegann; úr því húsi, í hvörju hann lifði so leingi heiðarlega, og andaðist heiðarlega. Já vér fylgjum honum héðan með þeirri innilegri ósk í vorum hjörtum: *Vor dauði verði sem dauði ens réttláta!*

II.

Það munu fleiri enu eg hafa þá meiningu, að sá framliðni, að hvørs útför ver nú stöndum, hafi verið einhvör sá markverðasti maður á meðal þeirra sem honum lifðn samtíða á vorum hólma, því heldur má hans viðskilnaður velja oss til alvarlegra hugleiðinga, og til þeirrar spurningar: hvör er nú maður eftir orðinn vor á meðal, sem geti setst honum jafnsíða, að vitslunnum, ráðvendni og öllum dagnaði? og — ef oss yrði torveldt að finna þann mann, þá gæti hugurinn leiðst til annarar spurningar, sem ekki er heldur auðveldt úr að leysa, og hún er þessi: hvar er nú vísir í annann eins mann? En eg atla mér nú ekki að fara í neinu mannjöfund. Þeim skjáttlar í því sem hetur og dýpra sjá heldur enn eg. Ei vil eg heldur tala á þá leið að oss vekist nýr harmur af haus missir, eius og eingin von væri um að hans mali uppyxi hjá oss, því mannhöfundur á leingi í að skapast; og þó so færi að þess yrði nokkra stund að bíða, að hans jafningi kæmi á lífsins sköðunarpláts vor á meðal,

þá gengur það viðlíka til með mikla menn, og það sæði sem lagt er í plægða jörð, það lifnar og dafnar meðan sá sefur sem sáði, þeir koma fram, þar sem eingum kom til hugar, þegar tækifæri býðst og viðþarf. En auk þessa so var aldur vors framliðna orðinn so hárf, að ekki gat mikið eptir verið af því tímabili af mannsins æfi, sem eginlega er ætlað til framkvæmda, so vér höfum því heldur orsök til að klaga ekki yfir því, að hans lífsþráðnr varð ekki leingri, vér sjánum að framkvæmda ár gátu það ekki verið sem hédanaf hefðu viðbætst, þó lífið hefði orðið leingra. Sá aldradi, hann deyr optast nokkrum árum áður enn hann deyr — Smátt og smátt verður hann ókunnugur þeirri kynslóð, sem upp er að vaxa í kringum hann; hans félagsbræður frá fyrri árunum eru hurtfarnir á undan, og lífið gjöríst honum meir og meir ógirnilegt. Aldurinn, þó lundin hafi áður verið beyggjanleg, gjörir þann aldrada óliprann í því að laga sig eptir nýum síðum og nýu lífssniði, og nú heitir sá aldradi, þverhöfði, undarlegur maður, orðinn á eptir öldinni sem þeir, er með rétta heita aldarinnar börn, sem ætla sína öld þá einu hyggnu og góðu, gæta ekki lífið; þeir sem ekki hugsa til þess, að mest er í hina varið, sem ekki aðeins þekkja þá nálægu öld, heldur og þær fyrri, og gæta so farið nærri á hvörjum öldum muni vera von síðarmeir. Þegar því hin efri ár koma er kvörki von mikillra framkvæmda, jafnvel ekki af duglegasta manni, og ekki heldur mikillar gleði í heiminum eptirað heimurinn er farið að útskúfa því er hann kannast ekki við sosem sína eign. Vér unum því þessvegna ekki illa, þó ár þess framliðna höfðingia yrðu ekki fleiri en þau urðu, það því síður sem vér vitum, að hann sjálfur óskaði sér aldrei hárrar elli; gaf það allt á hans vald sem telur vora daga, og fann aldrei lífið so girnilegt, að hann teldi sér skaða að yfirgæfa það; því hann bjóst ætíð við öðru betra á síðan, heldureun því besta sem hér gætur auðnast að fá. En líta skulum

vèr samt yfir hans lífsferil, (því hann er merkilegur, og hann er ekki óviðkomandi sögn vors föðurlands), nú, í því vèr stöndum að því að veita honum þá síðustu þjónustu.

Hann er fæddur í Ási í Holtum 24^{ta} Maí 1765. Faðir hans Einar sem þar bjó, hafði um stuttann tíma verið Rector Skálholts-skóla, en lifði þá við bú á þessari sinni eignarjörð; eignadist mörg börn, og var heldur fátækur enn efnugur, samt kændi hann til skóla þremur sonum sínum. Einn þeirra varð samt ekki embættismaður; Gísli varð fyrst prestur í Skálholti, síðan í Selárdal á Vestfjörðum, hvar hann sálaðist nú fyrir skömmu.

Ísleifur kom í skóla 1778, 13 ára gamall, og fór aptur þaðan 18 ára 1783 með þeim vitnisburði: að með gáfum og iðni hefði hann komist frammanfyrir flesta, ef ei alla sína skólahræður. — Strax sem hann fór úr skóla, tók hann þjónustu hjá sýslumanni Jóni Jónssyni á Móeyðarhvoli, og frá honum sigldi hann 1786 til háskólaus. Í Kaupmannahöfn var hann þartil 1790, hafði hann þá sómasamlega og með hesta vitnisburði leyst af hendi öll lærdómspróf, sem þeim eru fyrirsett, er verðslegt embætti gírnast, og sama ár 12^{ta} Maí fékk hann veitingarhréf fyrir Húnavatns-sýslu, og fluttist þangað. Ári síðar gækk hann að eiga Guðrúnu dóttur prests norðanlands síra Þorláks. Með henni eignadist hann 3 börn, sem öll dóu úng; en þessa konu sína misti hann árið 1800, það sama ár sem hann var gjörður annar Assessor við þann konúnglega íslenska landsyfírrétt. Strax byggði vor frammlíðni sér þá hús í Reykjavík með ærnum kostnaði, eptirad sú löggjöf kom út, að yfírréttarins meðlimir skyldu þar húa, og hafði sitt aðsetur í því, þangaðtil þessari löggjöf var soleiðis umbreytt, að yfírréttarins meðlimir skyldu annaðhvört húa í Reykjavík eða í nánd við Reykjavík; seldi hann þá kóngi húsið sem nú er orðið yfírréttarhús, en var

um tíma setur stiftamtunna frá 1808 og þáugaðtil þeim var byggt annað hefðarlegra 1819.

Meðan vor frammiðni hjó í Reykjavík, inngékk hann ljóuaband í annað sinu, og eignaðist Sigríði, dóttur prófests Gísla Thorarensens í Odda, sem nú syrgir elskulegann maka. Með heuni átti hann tvö börn: son Gísla er stúðerar við Kaupmannahafnar háskóla, og Jórinni, sem er einuka huggu móður sinnar í henuar lúsi.

Frá því vor frammiðni slutti úr Reykjavík 1806 og til dauðadags hjó hann á Brekku á Álptanesi. Árið 1817 við lausn assessors Gröndals frá embættinu varð hann fyrsti Assessor við landsyferréttinn og sama ár gaf konungur vor honum á sínum fæðingardeggi Etatsráðs nafnbót. Justitiarius í yferréttinum varð hann 18^{da} April 1834 í stað Konferentsráðs M. Stephensens sem sálast hafði rómu ári áður. Æfin endaði, einsog yður er alkuunnugt, þann 23^{ja} Júlí næstliðinn, með hægu andláti; hafði hann optast verið óvenjulega hrumur seinasta ár æfningar, þó ekki opt sængurliggjandi, og seinasta daginn sem hann lifði, var hann á lóttum, kom út á tón sitt, skrifaði 2 bréf, syni sínum og gömlum kunnungja, og var einga umbreytiugu að síá á honum; ekki var heldur kvartað um veikindi eða verki; einginn kvíði eða óánægja merktist; yfirhöfuð endaði lífið eius hefðarlega einsog það ætíð hafði verið hefðarlegt. Heiðarlega voru æskuárin brúkuð; áður er vikið á hans skólagang; þau ár sem hann var skrifari sýslumanns Jóns á Móeyðarhylti, ávann hann sér velvild þessa merkisvanns, einsog vor frammiðni ætíð minntist hans og hans húss með innilegri virðingu. Þau ár sem hann var utaulands má sjá, hvörnig brúkuð hafi verið, af ávöxtunum, þegar hann so stultann tíma gat þar afflokkið sínum bóknámsyðkunum, einsog hann þá líka afflank þeim. Þan 10 ár sem hann var sýslumaður í Húnavatns-sýslu, þan voru so brúkuð, að fólk sem þar lifir, mau til þeirra enn og til haus, sem vaxandi blómguu sýsluunar upp frá þeim

tíma er að þakka. Áður var sú sýsla óaðgeiugileg, og harðindin, er þá voru nýlega afstaðin, höfðu ei hvað minnst við hana komið; en síðan mun hún meiga heita einhvor sú blómlegasta sýsla, sem víst að nokkru leiti er að þakka hans hyggilegu ráðstöfunum og fastheldni í að framfylgja þeim laganna fyrirmælum sem miða til almennings heilla.

Um hans störf í landsyfirréttinum verður ekki mikið sagt, því það liggur ekki fyrir allra augum sem þar framfer, embættisverkum dómstólanna er líka svo varið, að þau ekki eru innifalin í frammkvæmd, heldur í því að ransaka málstaði manna og ásigkomulag verka sem lög hafa lagt sektir við, og ákveða, hvörja sekt eða straff hvört lagabrot verðskuldi, en það vita menn með sanni um þetta hans starf, að hann gængdi því með allri þeirri alúð og áhyggju er honum þókti verksins viktugleiki útheimta, og leit ekki á annað enn það er honum þókti rétt eða sannsýnilegt samkvæmt þeim lögum er hann heldt hér gildandi.

Hann vildi ekkert vita af þeim svokallaða réttarvana, ekki af því hvörnig í öðrum réttum væri dæmt í sömu eða líkum málum; ekki gat hann heldur atíð lémpað sig eptir meiningum sinna meðdómenda, því hann var fastur á því sem hann áleit rétt, við hvörn sem í hlut átti. Í þeirri eldri löggjöf var hann vel heima; ekki var hann eins vel kunnugur seinni árána lögspeki. Höfundboðorð þessara vísinda ætla eg hann hafi vel kuunað, og þeirra innbyrðis samband þekkt, og í öllum hans gjörðum, sem viðviku dómum, mun hann hafa viljað vera sér sjálfum samhljóða.

Auk þeirra starfa sem þetta dómara-embætti af honum hémti, hafði hann opt, eptir það hingað snður kom árið 1800, fleirum verkum að gæna. Hann var meðlimur í þeirri nefnd sem ransaka skyldi embættisverk stiftamtmanns Stephensens, og þeirri er koma skyldi í lag hui biskups Vídalíns. Auk þessa hafði hann

fjórur sínuum stiftamtmanus-embættisins stjórn á hendi, samt amtmannsverk í suðuramtinu, og líka um tíma í vesturamtinu (nokkuð af árinu 1804 og 1805) eptir fráfall amtmanns Eiriksens; lét það þá svo sem hann væri við þessi embætti fyrir amtmann Thórarensen; sem þá var sá eini amtmáður hér á landi. Þegar stiftamtmaður Trampe sigldi 1807, tók vor framliðni við hans embætti með landfógeta Fryðensberg, og var við það þangaðtil Trampe kom inn aptur 1809. Ári síðar var hann gjörður meðlimur þeirrar stiftsnefudar sem kóngur setti hér, þangaðtil önnur ráðstöfun yrði gjörð með amtmann Thórarensen og Fryðensberg, og loksins skipaði Rentukammerið honum að taka við stifts- og amts-sökunum, þegar Castensehold fékk lausn hédan og vonarpeninga 1818; hafði hann þessar sakir með að fara, þangaðtil stiftamtmaður Moltke kom inn til síns embættis, ennþótt assessor, nú amtmáður Thórarensen yuni þar mest að; því vor framliðni var þá farinn að kenna þeirrar kraptanna rénumar, sem gjörðu honum kyrrsetur og áhyggjur óþenulegar; en hann var svo skapi farinn, að hann gat ei áhyggjulaust að því unnið sem nokkuð var í varið.

Af þessu fáu má sjá, að líf vors framliðna leið ekki í gjörðaleysi, sömuleiðis í hvörju álitu hann var hæði innan- og utaulands fyrir dugnað sínu og dánunensku. Sem vott þess, hvörsu mikils ríkisstjórnin matti hans verk, má telja, að hún 1810 útnefndi hann virkilegt Jústitsráð, og 1817 virkilegt Étatsráð. Meðlimur ýmsra félaga var hann og gjörður; fyrst lærdómslistafélagsins 1787, árið áðurenn hann varð sýslumaður; bókméntafélagsins 1816, þess sama félags heiðursmeðlimur 1829, og ens kónunglega fornfræðafélags 1831.

Í sagnafræði og guðfræði ætla eg fáir af hans standi hafi náð jafumikilli þekkingu. Túngumál hafði hann ekki lært nema þýðsku auk þeirra lærdu túngumála; það var ekki síður á hauss yngri árum; en þegar árin fjölga

er ekki andgjört að nema nýar túngur. Hvað vel hann hafði lært latínu og grísku, má sjá af latínskri ritgjörð sem til er í handriti er hann skrifaði í Skálholts skóla, einsog þá var síður þeirra sem best vorn að sér, til að fá kaup fyrir, og hans þekking á grísku máli er auðsæn bæði af hans útleggingu af Plútarehs ritgjörð um sveinbarna uppfóstur, sem finnst í ritum lærdómslistafélagsins, og á postulanna-gjörningnum í seinnstu útgáfu nýa testamentisins. Yfirhöfuð elskaði hann og stundaði allan fróðleik, og það var hans yndi þarinn að tala við aðra, hvört nutalsefni ekki gat þeim ætíð vel gæðjast, sem helst vilja tala um ekkert, eða veðnr og vind, en ekki alvarleg efni, hvörju allir eru ei heldur vaxuir. Hann las mikið, skrifaði lítið; sumar bækur er honum þóktu vel samdar, las hann annað og þriðja hvört ár. Sá tími sem honum varð afgánga frá embættisverkum, var vel brúkaðnr, annaðhvört til lesturs eða til vinnu. Þá jörð sem han seinast bjó á, umskapaði hann svoléiðis að hún er ekki þekkjauleg, og mestann part með sínum egin höndum. Áður enn hann keypti hana, var hún valla byggileg; nú sýnir hún sig sjálf. Yfirhöfuð fann hann ekki einungis hollt að hreifa nokkuð líkamann, heldur hafði hann mesta yndi af því að rakta og prýða sitt ábýli; og það hefur vitrum manni fyrrum þókt so mikið í varið, að hann taldi það svosem nærst gánga spekinnar yðknu að fást við jarðyrkju. Á stórum búskap og miklu fólksaldi hafði hann engann góðanu bifur, bæði þessvegna, að hann þóktist vita að það traudlega væri til hags, og líka af þeirri orsök, að hann hafði ei þá skapsmuni sem þeir verða að hafa, sem daglega eiga miklu að skipta við misjafnt fólk; hann vildi líka vera sem frjálsastur og ekki taka á sig það ómak er hann þóktist gæta án verið.

Hans lundarlag og skapsmunir vorn svo, jafnvel frá unga aldri, að hann var maður gæðriknr, lundin hneigðist og miög til eus alvarlega og jafnvel sorglega frá upp-

hafi; hann matti lífið þvíáðeius nokkursverðt, að betra tæki við þegar það þryti, hvarnæm hann hafði útvegað sér vissustu sannfæring, og því leingri sem æfin varð, því heldur jókst með honum trúarinnar fögnuður. Hann var ei þarfyrir frábitinn lífsins fögnuði, svoað hann tæki ei í honum hlutdeild við og við, og það rétt innilega; já! hann áleit hann svosem velgjörð forsjónarinnar til þess gæfinn að létta manni lífsins armæðu. Með þessu lundarlagi matti hann lítills allt það sem heitir ágjæti lífsins. Auðsafni sóktist hann ekki eptir, enn síður metorðum; yfirhöfuð var það hans lundarlag, heldur að draga sig frá heiminum enn beudla sig við hann. Eu allt hvað hann fann skyldu sína að gjöra, það vildi hann sem fullkomlegast af hendi leysa, hvað sem það kostaði. Með öllu því viti og öllum þeim krapti sem honum var gæfinn gækk hann að sínum störfum, og framnifylgði sínum áformum til hús ítrasta fyrir lof og last, vansemd og vegsemd, jafnt hvör sem í blut átti, og án þess stundum að gá að afleiðingunum. Þetta var náttúrlegt, því sá sem ekki hefur í mörg horn að líta, leggst þar á venjulega með krapti, sem hann heldur eigi að vera, og verður þar drjúgur, því skiptur kraptur gætur aldrei jafnast við óskiptann. En hèreft gætur orsakast fyrirstaða og stríð, ekki einasta þessvegna að meiningum og vilja tveggja manna kêmur ei ætíð saman, já, eg hefði nær því sagt, aldrei, heldur og af þeirri náttúrlegu orsök, að mótverkun samsvavar náttúrlega allri áverkun. Af þessari orsök hefur merkismönnum stundum samanlendt, svo þeir gátu ei orðið samtaka svo að segja í nokkru og báðum sanit verið margt vel gæfið. Þannig vita menn til að Cató eldri og Scipio, Cæsar og Cato ýugri, allir miklir og vænir menn, gátu aldrei saumanlyndt, og ótal fleiri; og ætla eg það eingum reiknað til ámalis eptir hans dag, þó svo hafi tilviljað, og þó með sanui mætti segja, að hvörugur þeirra sem sundurlyndir voru, hafi verið frúr fyrir að hafa ollað því or þeim brautst ámilli. Það er líka náttúrlegt að sá sem

metur lítils heimiun og heimsins gæði, lífsins þrautir, lífsins hættur og jafnvel lífið sjálft — þessháttar lundarlag sýndi vor frammlíðni árið 1309, þegar hann varð að þola misþyrming og fangælsi fyrir ráðvendni — það er auðvitað að sá hinn sami muni lítilsmeta manna lof eða last, manna meiningar, manna hylli eða ógunst, og einkum þegar eitthvört stórt augnandi hvarflar honum fyrir hugskotssjónum. Það er og nattúrlegur breiskleiki vors eðlis, þegar vèr erum þannig til sinnis, sem nú hefur verið lýst, að oss vantar þá þann liðngleika og lag sem til þess þarf, að liðka sig fram skyldunnar leið um lífsins klúngur, svo fyrirstaðau verði því minni; lúnum veitir það hægra sem minna áform hafa. Héraðauki er lund manna af náttúrunni svo margbreytin, sumra beygjanleg, annara óbeygjanleg, en flestra breytui mun ætíð bera á sèr þesskonar snið, sem sýni hvörunig hann var af skaparans hendi mindaður, hvörsu sem þeir eptir vissum reglum hafa látið sèr annt um að umminda síálfa sig. En þó svo vilji til stundum, að þeir sem meta það jarðneska og tímanlega lítils, gæti ekki horft í allt og sýni kannskè nógú mikið kapp í því sem þeir ætla að sè rétt, og þó þeim einsog öðrum mönnum kunni að vilja til, og svo í þessu missýningar, þá könnuust vèr samt allir við, að líf þess manns er fylgir þessari reglu: að framfylgia með öllum krapti því sem honum sýnist rétt, hvað sem það gildir, sè ætíð heiðarlegra, heldurenn hinns, sem einasta eða hvað helst lítur á það, sem mundi koma sèr vel á þeirri öld sem hann lifir á; sem lætur lífsins straum einsog bera sig þángað sem vill, nema hvað hann varast aðeins að berast á ófær klúngur eða niður fyrir fossa. Hin fyrrnefuda lífsregla, lúin vottar þó ætíð kallmennsku og krapt, lúin er nærsta hentug til að gæfa samlífi manna betri stefnu ef meðþarf, ef ekki strax, þá samt með tím-anum. Auk þess verða slíku lundarlagi samfara margir heiðurlegir manukostir er ekki má án vera í manna félagi; þeir bæta ríkullega upp þannu breiskleika sem því stundum

verður samfara; því fylgir nefnilega öll staðfesta, óraskanleg orðheldni, stöðug tryggð, reglusemi í öllu ráðlagi. Þeir alvörugæfnn menn eru ekki í hvörn hópinn sem best geingur; ekki öðruvísi í dag enu á morgnu; það er gjört sem þeir vilja gjöra; þeir gjöra ekkert til háls; þeir fara sínu framm án þess að gæfa því nokkurn gaum hvað ómak það kosti, hvört álit það fær hiá fjöldanum, hvör þeirra laun verða á þessari jörðu.

Það alvarlega og einlæga lundarlag sem frá unga aldri var náttúrunnar gjöf við vörn frammlidna, það lagaði hann og festi með vissum lífsreglum alla æfi, og því voru samfara allir þeir mankostir sem því plaga að fylgja. Hann verkaði og töluverðt á þeinkingarhátt þeirra sem honum voru nærstir, og höfðu nokkru við hann að skipta.

Hann kom língað til suðurlandsins á þeim árum er ekki voru falleg; þá var það haldið á sínum stöðum ósóni að tala íslensku, þó íslenskir menn væru; það lét nærstum því hið sama að vera íslenskur og að vera villudýr; þá prædikuðu verðslunarmenn í sínum búðum — mér er það minnisstædt frá mínum yngri árum — fyrir sjómönnum og húsmönnum, að öll kristin trú væri diktadur léggómi, að Kristur hefði aldrei komið á þessa jörðu, og þar frammeptir götunum. Þetta voru ávextirnir af því trúartrubli er um það leiti uppkom í Fránkaríki og þaðan útdreifðist norðureptir heimium, og vèr urdum svo frægir að fá nokkra ákenniugu af þessari speki. Í orði og verki stríddi vor frammlidni við þessa fásinn, og með sanni mátti segja, að öllum sem mótistóðu, varð erfiðt að standa ámoti þeim anda og krapti, hvarmed hann talaði. Allir vissu líka hvað mikið var í hann varið og háru fyrir hans dagnadi vyrðingu. Með því að láta sér ekki þykja minkun að tala íslensku við íslenska í ábeyru þeirra sem töluðu dönsku, lét hann í ljósi að hann skanumadist sín ekki fyrir sitt móðnmál; og með því rækilega að sækja helgar tíðir og láta atíð í ljósi vyrðingu fyrir

þeirri opinberu guðsdýrkun, sýndi hann það, að hann þyrði að meðkenna Krist fyrir mönunum, og að hann tæki ekki frammyfir Guð og Krist þá skoðunnarspila-stúlku, sem menn í París með mesta hátíðlegleika hneigðu sig fyrir svo sem þeim æðsta guddómi í sýnilegri mind, og skyldi merkja skynsemi, og átti á þeim dögum að koma til að stýra heiminum ístaddir fyrir Guð, og þann sem hann hefði gæfið endimörk jarðarinnar til arfleifðar. En — eg átti máskè ekki að minnast á þetta sem líðið er og að miklu leiti komin leiðrétting á, en þareð sá framliðni gjörði hvað honum var mögulegt til að afstýra þessu athæfi, svo þókti mér verðt að minnast þess, ennþótt eg ætli að tímanna kringunastæðum sè meðframur að þakka að ekki hefur meira af heimskunnui orðið heldurenn orðið er; við alvarlegt atriði, við útför alvarlegs manns er það og náttúrulegt þær hugsanir vakni sem nokkur alvara er í, og helst þær sem eru í nokkru sambandi við líf ens framliðna, einsog mér vyrðast þessar vera.

En þó vor framliðni væri einsog nú er áminnst, heldur hneigður til ens alvarlega, vantaði hann samt ekki þær blíðari hjartans tilfinningar, og þær höfðu það frammyfir hliðlyndi þeirra sem bera það utaná sèr, að það var svo innilegt og kom sèr þeim mun betur sem menn áttu þess síður þaðan von; það var staðgott og hafði djúpar rætur. Hafði hann fengið góðaun þokka til einhvörs, svo viðheldst hann uppfrá því, einsog hann á hina höndina mun hafa átt bággt með að verða þeim vinveittur, er hann hafði orðið sundurlyndur við, og fengið þá meiningu um að ekki vildi leita, sem skyldi, hins heiðurlega.

Þvílíkur maður er hér úr garði genginn á háum aldri, eptir 46 ára stöðuga embættisþjónustu, rúmlega 71^a árs æfi, gæddur mörgum náttúrunnar dýrasta gáfum sem hann dýrkaði vel alla æfi, sem ætíð vildi stunda skyldu sína með allri einlægni, hvört sem hún var auðveld eða erfið, sem allt annað mátti lítils í saman-

burði við það hnossid að blampa sitt skeið með heiðri. Maður, sem í flestum mannkostum átti sér fáa maka af þeim sem honum voru samferða um lífsins leið. Þvílíkur maður, sem óskiandi væri að hefði marga sína líka, að þessháttar menn kæmu opt frammá lífsins skoðunarpláts.

Vér, sem þekktum hans mannkosti, hans tápmiklu sál, og höfum í endurminningu margann vott hans góða, hispurslansa, einlæga þenkningarháatts, — vér fylgjum hans jarðnesku leyfum með trega og söknuði til síns síðasta hvíldarstaðar; en samfögnum því jafnframt, að hans andi hefur fengið góð umskipti, hefur fengið eitt nýtt óforgengilegt búsi af Guði gjört á himnun, fyrir þá hér niðurlögðu jarðnesku tjaldbúid. Þessa tilhugsun biðjum vér og þig, Drottinn! að láta verða hugsvölun syrgjandi ekkjufriar og hans eptirlifandi barna. Amen.

